

Fimmtudaginn 29. október 1992.

Nr. 314/1992. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Hannes Oddssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Kynferðisbrot. Börn. Áfengislagabrot. Klám. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason og Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómarar.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. júlí 1992 að ósk ákærða, en jafnframt af ákærvaldsins hálfu til þyngingar refsingar. Af hálfu ríkissaksóknara er ekki gerð athugasemd við frávisun héraðsdómara á þeim hluta II. kafla ákæru, sem varðar við 2. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár og sex mánuði.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur að öðru leyti en því, að refsing ákærða, Hannesar Oddssonar, skal vera fangelsi í tvö ár og sex mánuði.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, 60.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Jónssonar, fyrrverandi hæstaréttardómara.

Ég er samþykkuð niðurstöðu meiri hluta dómara um sakfellingu ákærða og færslu brota hans til refsíákvæða, en tel, að ákveða beri refsingu hans fangelsi þrjú ár.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. júní 1992.

Ár 1992, mánudaginn 22. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Arngrími Ísberg sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 316/1992: Ákærvaldið gegn Hannesi Oddssyni, sem tekið var til dóms 16. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 21. apríl sl., á hendur Hannesi Oddssyni, Laugavegi 161, Reykjavík, kt. 190149-3429, „fyrir eftirgreind skírlífisbrot og áfengislagabrot, sem ákærði framdi á heimili sínu á tímabilinu frá mars til ágúst 1991:

I.

Veitt eftirgreindum unglingsstúlkum, sem sóttu hann heim, áfengi og jafnframt í flest skipti sýnt þeim klámmyndir:

1. B, fæddri [...] 1978, margsinnis allt tímabilið,
2. N, fæddri [...] 1979, margsinnis allt tímabilið,
3. H, fæddri [...] 1977, í 5 skipti á ofangreindu tímabili,
4. C, fæddri [...] 1978, í 7 skipti á ofangreindu tímabili,
5. D, fæddri [...] 1978, í 2 skipti um sumarið, og
6. E, fæddri [...] 1978, í 1 skipti snemma sumars.

Telst þetta varða við 3. mgr. 16. gr., sbr. 33. gr. áfengisлага nr. 82, 1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52, 1978, og 3. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II.

Í nokkur framangreindra skipta haft samræði við eftirgreindar stúlkna, er þær voru orðnar ölvaðar:

Við B í samtals 5-6 skipti og N í samtals 6 skipti á ofangreindu tímabili og við H í 1 skipti seinni hluta sumars.

Telst þessi háttsemi ákærða gagnvart B og N varða við 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga, og háttsemi hans gagnvart H telst varða við 2. mgr. sömu greinar.

III.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

— — —

Málavextir.

Um hádegisbil 19. nóvember sl. kom D inn á lögreglustöðina við Drafnarfell og óskaði eftir að fá að hringja. Hún fékk það og hringdi í móður sína. Lögreglumaður heyrði hluta af samtalinu, og snerist það um

kynferðislega áreitni manns nokkurs gagnvart D og öðrum stúlkum. Þetta varð til þess, að lögreglumennirnir fóru að spyrja D nánar um þessi mál og síðar einnig þær H og N, sem voru með henni. D og H skýrðu lögreglumönnum frá áreitni mannsins, en N kannaðist ekki við neitt slíkt. Þeim þóttu hins vegar viðbrögð hennar „undarleg, því að skömmu eftir að Pétur Sveinsson rannsóknarlögreglumaður hafði tekið skýrslu af henni, féll hún saman og tók að skjálfa og gráta. Tókst að róa hana, og eftir að hún hafði jafnað sig um stund, kvað hún mál þetta hafa rifjað upp óskemmtilega reynslu, sem hún hefði orðið fyrir. Kvaðst hún ásamt H hafa heimsótt mann fyrir um tveim mánuðum, og heiti sá Hannes og búi á Laugavegi nálægt Hlemmi. Hannes þessi hafi gefið þeim vín og þær orðið mjög drukknar. Kvað hún þær hafa farið í rúmið með Hannesi, og hafi hún horft á, þegar hann hafði samfarir við H, en síðan hafi hann haft samræði við sig. Kvaðst hún áður hafa farið til Hannesar, sem hefði gefið sér vín. Í framhaldi af þessum framburði tókum við H tali, og staðfesti hún frásögn N. Kvað hún Hannes hafa hellt þær fullar og síðan farið með þær inn í rúm, þar sem hann hefði haft samfarir við þær báðar. Kvað hún manninn vera 36-37 ára og búa einan. H kvaðst ekki hafa komið í íbúð Hannesar eftir þetta, en N hafi sagt sér, að hún hefði áður haft samfarir við Hannes, og þá hefði B tekið þátt í leiknum“.

Málið var sent Rannsóknarlögreglu ríkisins sama dag, og 21. nóvember yfirheyrði hún þær B, N og H, og D, C og E voru yfirheyrðar nokkrum dögum síðar. Allar báru þær fyrir lögreglu, að ákærði hefði veitt þeim áfengi og sýnt þeim klámkvikmyndir. Þá báru þær B, N og H, að hann hefði haft samfarir við þær.

Ákærði var handtekinn að kvöldi 21. nóvember og yfirheyrður. Daginn eftir var þess krafist, að hann yrði úrskurðaður í gæsluvarðhald. Hann var úrskurðaður sama dag í gæsluvarðhald til 1. desember, en var látinn laus 29. nóvember. Við lögreglurannsókn málsins kannaðist ákærði við, að umræddar stúlkur hefðu komið í heimsókn til sín og þegið þar áfengi og horft á klámkvikmyndir, en neitaði algerlega að hafa haft samfarir við þær.

Nú verður rakin rannsókn málsins fyrir dómi (sic), fyrst framburður stúlkanna, þá annarra vitna og loks framburður ákærða.

B skýrir svo frá fyrir dómi, að hún hafi kynnst ákærða, þegar hún var 12 ára, í febrúar eða mars 1991, hafi eins getað verið í apríl. Hún kvaðst hafa verið á tónleikum niðri í bæ með N, sem hafi verið undir áhrifum áfengis. B kveður sig einnig hafa langað í vín, og þegar hún hafi verið á leið heim til sín með strætisvagni, hafi hún spurt ákærða, er sat fyrir aftan hana, hvort hann ætti vín, og hafi hann játað því. Þau hafi farið út á næstu biðstöð og tekið leigubíl að Hlemmi, þar sem hún kvaðst hafa beðið eftir honum, enda ekki þorað að fara með honum heim til hans.

Ákærði hafi síðan fært henni vín á bjórflošku, sem hún hafi farið með heim til sín og drukkíð. Daginn eftir eða þar næsta dag kvaðst hún hafa farið heim til ákærða og taldi N hafa verið með sér. Tilgangurinn hafi verið að fá vín, sem þær fengu, og fóru við svo búíð. Upp úr þessu hafi hún síðan farið að heimsækja ákærða ásamt N og stundum einnig H, C og D. Hún kvað sér hafa fundist þetta spennandi að fá vín, sígarettur og horfa á sjónvarp. Ekki mundi B, hvenær þessum heimsóknum lauk né hversu oft hún heimsótti ákærða.

B kveður allar stúlkurnar, sem vildu, hafa fengið áfengi hjá ákærða. Hafi það verið vodka, sem þær hafi ýmist drukkíð heima hjá honum eða farið með annað. Stundum hafi þær fundið til áhrifa af áfenginu. Hún kvað hann hafa spurt þær um aldur og þær svarað honum rétt til um hann.

Þá ber B, að þær hafi horft á klámkvikmyndir hjá ákærða, og hafi þær sýningar hafist einum til tveim mánuðum, eftir að þær hófu að heimsækja hann. Um hafi verið að ræða þrjár myndir og þær sýndar nokkrum sinnum á tveggja mánaða tímabili. Ekki er B viss um það, hvort þessar sýningar hafi hafist að frumkvæði ákærða eða hvort þær hafi sjálfar átt það. Hún kvað þær allar hafa horft á þær nema E, sem hún kvaðst ekki kannast við.

B kveður ákærða hafa haft samfarir við sig, að hana minnti sex sinnum. Þær hafi hafist þremur eða fjórum mánuðum eftir að hún kynntist honum. N hafi verið viðstödd í öll skiptin. Þá kveðst hún hafa verið viðstödd, er ákærði hafði samfarir við N í sex skipti. Hún kvaðst ekki hafa verið viðstödd, er ákærði hafði samfarir við aðrar stúlkur, en H og N hafi sagt sér, að ákærði hafi einnig haft samfarir við H. B kvað sig og N hafa verið drukknað í öll skiptin, sem ákærði hafði við þær samfarir.

Fyrir dómi ber N, að hún hafi kynnt ákærða í gegnum B í mars eða apríl á sl. ári, en ekki man hún mánaðardaginn. Þær hafi farið að venja komur sínar til hans ásamt fleiri stúlkum, H, C, D og P auk tveggja annarra, sem ekki er getið í ákærinni. N kveðst ekki kannast við E. Ákærði hafi veitt þeim áfengi, oftast vodka. Hún kveður þær hafa sagt honum, hvað þær væru gamlar, og hann svarað því til í fyrstu, að hann væri 25 ára, en síðan, að hann væri 30 ára. Ekki mundi N, hvenær heimsóknum hennar til ákærða lauk og ekki hversu oft hún kom þangað.

N kveðst hafa séð klámkvikmyndir hjá ákærða, og hafi þær sýningar hafist um viku eftir að hún kynntist honum. Í fyrsta skipti hafi hún og B verið hjá honum og verið orðnar ölvaðar. Þær hafi farið fram, og þegar þær hafi komið aftur, hafi hann verið búinn að setja myndband í tækið. Hún kveður ákærða hafa verið með þrjár myndir og sýnt þær oft, en ekki man hún, á hve löngu tímabili. Hún kannast ekki við, að þessar sýningar hafi hafist að frumkvæði stúlkanna.

N kveður ákærða hafa haft samfarir við sig í fimm til átta skipti, og

hafi B verið viðstödd í öll skiptin nema einu sinni, þegar H var viðstödd. Hún kveðst hafa verið viðstödd, er ákærði hafði samfarir við B, og hafi það verið næstum jafnoft og þegar hann hafði samfarir við hana sjálfa. Þá hafi hún verið viðstödd einu sinni, þegar ákærði hafði samfarir við H. Hún kveðst hafa verið ölvuð, er ákærði hafði við sig samfarirnar.

H kveðst hafa kynnst ákærða í vetrarlok á sl. ári. Hún hafi verið á leiðinni á lokaball í skóla og hitt B. B hafi farið með hana til ákærða, og var erindið að útvega henni áfengi, sem tókst. Eftir þetta kveðst H hafa heimsótt ákærða, en mundi ekki, hversu oft. Auk sín hafi verið þarna B, N, E, sem kölluð er P, auk annarra, sem ekki eru nefndar í ákærinni. Í heimsóknunum hafi þær verið að talast við, drekka áfengi og horfa á myndbönd. H kveðst hafa fengið áfengi, oftast vodka, hjá ákærða, en mundi ekki nákvæmlega, hversu oft, hafi getað verið á milli 15 og 20 sinnum. Hinar stúlkurnar hafi einnig fengið áfengi hjá honum, og hafi hann alltaf hellt í glös handa þeim, þótt þær væru ekkert að biðja um það sérstaklega. Hún kveður ákærða hafa vitað, hversu gömul hún var, hún hafi sagt honum það. Þá kveðst hún hafa orðið ölvuð hjá honum.

H kveðst hafa séð klámkvikmyndir hjá ákærða. Áður en hún hafi séð þær, hafi hann verið búinn að sýna þeim B og N slíkar myndir, og hafi þær sagt sér frá því. Hún kveðst alltaf hafa séð klámkvikmyndir, er hún heimsótti ákærða, án þess að biðja nokkurn tíma um það.

H kveður ákærða hafa einu sinni haft samfarir við sig, en ekki mundi hún, hvenær það var. N hafi verið viðstödd, og hafi ákærði einnig haft samfarir við hana við sama tækifæri. Var þetta í eina skiptið, sem H var vitni að samförum ákærða við aðra stúlku. Hún kveðst ekki heldur hafa heyrt aðrar stúlkur tala um, að hann hafi haft samfarir við þær. H kveðst hafa verið ölvuð, er ákærði hafði við sig samfarir.

C kveðst hafa kynnst ákærða í gegnum B einhvern tíma á sl. ári, en ekki man hún nákvæmlega hvenær. Hún kveðst hafa heimsótt hann 11 til 12 sinnum og alltaf fengið áfengi hjá honum, það er að segja, hún kveðst alltaf hafa bedið hann um það og hann þá hellt handa henni í fullt glas, en hún hafi aldrei drukkið það, kveðst ekki hafa getað það. Auk hennar og B heimsóttu ákærða þær N og D, og hafi þær einnig fengið áfengi hjá honum, sem hann hafi hellt og blandað í glös. Hún kveðst kannast við E, sem kölluð er P, en ekki vita, hvort hún hafi heimsótt ákærða.

C kveðst hafa séð klámkvikmyndir hjá ákærða, nánast alltaf þegar hún heimsótti hann. Í fyrsta skipti hafi B spurt: „Er til klámmynd?“ og hann svarað: „Jú, jú.“ B hafi síðan látið mynd í tækið. Í önnur skipti hafi ákærði sjálfur sett myndir í tækið, en B hafi eiginlega alltaf bedið um það. Framangreindar stúlkur hafi einnig séð myndirnar.

C kveður þær B, N og H hafa sagt sér, að ákærði hafi haft samfarir

við þær. B og N hafi sagt, að það hafi gerst sjö til átta sinnum. C kveðst aldrei hafa verið viðstödd samfarir og ekki heyrt ákærða ræða um, að hann hafi verið með stúlkunum. C kveðst hafa haft ágirnd á fuglum, er ákærði átti, og falað þá. Hún kveður hann hafa svarað því til, að hún gæti fengið þá gegn því að hafa við sig samfarir, en það hafi hún ekki viljað. C kveður ákærða hafa sagt hinum stúlkunum að koma ekki með sig, þar eð hún vildi ekki drekka áfengi, en hún hafi verið hin eina, sem það gerði ekki. Eftir það kveðst hún hafa hætt að heimsækja ákærða. C kannast við að hafa tekið 50 krónur ófrjálsri hendi frá ákærða, en það hafi verið, eftir að hann hafi sagt, að hann vildi hana ekki í heimsókn. Það hafi ekkert komið því við, að hún hætti að heimsækja hann.

D er að eigin sögn fædd [...] 1978, en ekki [...] 1978. Fyrir dómi kveður hún villuna stafa af því, að Hagstofan hafi lesið skakkt úr flutningsvottorði sínu, er hún fluttist hingað til lands frá Bandaríkjunum.

D ber fyrir dómi, að hún hafi heimsótt ákærða þrisvar á sl. ári, en ekki man hún nákvæmar hvenær. Með sér hafi heimsótt hann þær B, N, C og H auk P, en ekki vissi D, hvort hún heitir E. Hún kveður stúlkurnar hafa sagt sér, að hann gæfi þeim áfengi og þær gætu drukkið með honum. D kvaðst tvisvar hafa fengið áfengi hjá ákærða, en ekki orðið ölvuð. Hún kveðst ekki hafa beðið ákærða um áfengi, heldur hafi B spurt, hvort þær mættu ekki fá sér, og hann jánkað því. B hafi þá sótt áfengi og hellt í glös. Hún kveðst hafa hætt að heimsækja ákærða, eftir að hafa heyrt, að hann hafi haft samfarir við B og N.

D kveðst hafa séð klámmyndaspólu hjá ákærða í tvö skipti, en ekki horft á þær. Í annað skiptið hafi mynd verið í tækinu, þegar hún kom í heimsókn, en í hitt skiptið hafi ákærði sett myndina í tækið.

D kveður þær B, N og H hafa sagt sér, að ákærði hafi haft samfarir við þær. Hún kveður ákærða aldrei hafa falast eftir samförum við sig eða haft uppi tilburði í þá átt.

E, sem kvaðst vera kölluð P, ber fyrir dómi, að hún hafi einu sinni heimsótt ákærða. Ekki man hún nákvæmlega hvenær, telur það hafa getað verið sl. sumar. Hún hafi komið þangað með H, og hafi tilgangurinn verið að fá áfengi. Þær hafi sjálfar fengið að fara í ísskápinu að fá sér í glas. Síðar hafi þær B, D og N komið og allar verið að drekka. E kveðst ekki hafa orðið drukkin, en hinar stúlkurnar hafi orðið það. Hún kveðst hafa séð klámkvikmynd í þessari heimsókn, en ekki man hún, hver átti upptökin að sýningunni, hvort H eða ákærði hafi sett myndina í tækið. E kveðst ekkert geta borið um ætlaðar samfarir ákærða við einhverjar af þessum stúlkum, en í heimsókninni hafi H lagst í rúmið, og hafi þá ákærði gengið að henni og farið með fót sinn í klop hennar.

Í kjölfar þess, að mál þetta kom upp, hóf Félagsmálastofnun Reykjavíkur að hafa afskipti af þeim B, H og N.

Stefanía Sörheller ráðgjafi kveður þær H og N vera skjólstæðinga sína. Hún ber fyrir dómi, að þær hafi báðar verið í áhættu, áður en málið kom upp, bæði í skóla og eins í félagslegu umhverfi sínu. Í skóla hafi þær farið halloka, bæði hvað varðaði skólasókn og námsárangur. Fjölskyldur þeirra hafi bedið um aðstoð, eftir að málið kom upp, og hafi henni verið haldið áfram. Stefanía kveður stúlkurnar hafa verið mjög uppteknar af málinu og verið hræddar við að hitta ákærða. Þá hafi sjálfsvirðing þeirra bedið hnekki, og þær séu fullar vantrausts út í fullorðið fólk. Hún kvað þær hafa leitað til ákærða til að útvega sér áfengi, sem þær hafi báðar misnotað, og eins hafi það stafað af spenningi. Þær hafi verið í stuðningshópum á vegum Félagsmálastofnunar, og gert sé ráð fyrir, að H vistist á hennar vegum. N hafi þegar verið í slíkri vist.

Anna Jóhannsdóttir fulltrúi kveður B vera skjólstæðing sinn. Hún ber fyrir dómi, að málið hafi haft töluverð áhrif á B, en hún loki á það og vilji ekki ræða um það. B gefi ekki aðrar skýringar en þær, að erfitt sé að ræða það. Hún hafi aldrei minnst á það við sig, að ákærði hafi misnotað hana. Anna kveðst því ekki geta útskýrt nákvæmar þau áhrif, er það hafi haft á B, en móðir hennar hafi sagt sér, að hún hafi sofði illa vegna þess. Anna kveður frekari meðferð ráðgerða, væri B tilbúin til að þiggja hana. Engu sé hægt að spá um framtíðarhorfur hennar, en ljóst sé, að hún þyrfti töluverða hjálp.

Að beiðni Félagsmálastofnunar voru þær B, N og H skoðaðar af þeim Jóni R. Kristinssyni barnalækni og Þóru Fischer kvensjúkdómalækni. Í vottorðum þeirra, sem Þóra hefur staðfest fyrir dómi, kemur fram um þær allar, að kynþroski svari til aldurs. Engin merki séu um áverka á kynfærum eða kringum þau, og séu ytri og innri kynfæri eðlileg. Um N og H segir, að meyrjarhaft sé rofið eins og hjá stúlkum, er margsinnis hafi haft samlíf. Um B segir, að meyrjarhaft sé rofið. Tekið var strok úr stúlkunum til ræktunar, og kom í ljós, að H og N voru með chlamydiu-sýkingu.

Fyrir dómi bar Þóra Fischer, að ekki væri vitað, hversu lengi væri hægt að ganga með chlamydiu-bakteríu án þess að taka eftir því. Stúlkurnar hafi verið einkennalausar, en bakterían valdi móðurlífsbólgu. Hún kvað það vera mögulegt, að karlmaður gæti haft samfarir við konu, sem smituð er af bakteríunni, án þess að smitast sjálfur. Um þessa bakteríu gildi hið sama og um aðrar, fólk þurfi ekki að smitast, þótt það komist í snertingu við hana.

N ber fyrir dómi, að hún hafi ekki vitað af þessari sýkingu, fyrr en hún fór í lækni skoðunina. H kveðst hvergi hafa getað fengið smit nema frá ákærða.

Að beiðni rannsóknarlögreglunnar var ákærði rannsakaður með tilliti til þess, hvort hann væri með kynsjúkdóma. Í vottorði Rannveigar Pálsdóttur, læknis á Göngudeild húð- og kynsjúkdóma, segir, að öll próf hafi verið eðlileg, þ. e. a. s., ekki hafi verið hægt að sýna fram á neitt kynsjúkdómasmit. Hún túlkaði niðurstöðurnar þannig, að mjög litlar líkur hafi verið á, að ákærði hafi verið smitaður af chlamydiu.

Rannveig hefur staðfest vottorð sitt fyrir dómi. Enn fremur ber hún, að mjög ólíklegt hafi verið, að ákærði hafi verið smitaður af chlamydiu, en það hafi þó ekki verið fullkomlega öruggt. Ákærði hafi þó engin einkenni haft, er bent gætu til smits. Ekki hafi verið mögulegt fyrir sig að sjá, hvort ákærði hafi verið smitaður af chlamydiu á fimm til sjö mánaða tímabili, áður en hún skoðaði hann, hafi hann fengið meðferð við henni fyrir skoðunina. Hún kveður mögulegt, að karlmaður geti haft samfarir við konu, sem sé smituð, án þess að smitast sjálfur. Rannveig ber, að þótt ákærði hafi ekki verið smitaður af kynsjúkdómi, segi það ekkert um það, hvort hann hafi haft samfarir eða ekki. Líkur á því, að fólk smitist, aukist eftir því, sem samfarir séu hafðar oftar við sýktan einstakling, og eftir fimm til sex skipti séu þær orðnar mjög miklar. Hún kvað það mögulegt, að karlmaður bæri smit á milli tveggja kvenna, sem hann hefur samfarir við hvora á eftir annari, ef hvorki sé notaður smokkur né gætt hreinlætis. Rannveig kvað ógerlegt að segja til um, hvenær stúlkurnar hefðu smitast, en ungar konur séu almennt næmari fyrir kynsjúkdómasmiti en eldri konur.

Ákærði bar fyrir dómi, að hann hefði einu sinni fengið kynsjúkdóm, árið 1973.

Ákærði var fyrst yfirheyrður fyrir dómi við þingfestingu málsins 27. maí sl. Hann kannaðist þá við, að stúlkurnar, sem nefndar eru í ákærinni, hefðu komið á heimili sitt á sl. ári, nema E, sem hann kvaðst ekki kannast við. Hann kvað heimsóknirnar hafa hafist 29. apríl, en ekki í mars, og kvaðst byggja það á því, hvenær hann skipti um vinnu. Ákærði viðurkenndi að hafa veitt þessum fimm stúlkum áfengi og að sér hefði verið ljóst, að þær væru undir lögaldri, þótt sér hefði ekki verið nákvæmlega ljós aldur þeirra. Hann kvaðst ekkert geta um það borið, í hversu mörg skipti hann veitti hverri þeirra áfengi. Stúlkurnar hefðu ekki orðið ölvaðar, enda hefðu þær staðið stutt við, nema hvað H hefði einu sinni orðið ölvuð.

Ákærði kveðst hafa verið með myndbandstæki á heimili sínu mestan hluta þess tímabils, sem hér um ræðir, og einnig hafa verið með klámmyndir. Stúlkurnar hafi horft á þær, en ekki kveðst hann hafa sýnt þeim þær, heldur hafi þær sjálfar tekið myndirnar og sett í tækið. Þetta hafi hafist þannig, að B og N hafi komið heim til hans á mánudegi og orðið eftir, þegar hann fór í vinnu. Er hann kom heim aftur, hafi þær verið að

horfa á klámmynd í tækinu, sem þær hafi fundið, enda hafi þær greinilega gramsað í öllum skápum.

Ákærði neitaði með öllu að hafa haft samræði við B, N og H, eins og honum er gefið að sök í II. kafla ákæru. Honum var bent á framburð stúlkanna hjá rannsóknarlögreglu, og ítrekaði hann neitun sína.

Ákærði var aftur yfirheyrður fyrir dómtöku málsins 16. júní sl. Hann kvaðst ekki kannast við, að stúlka að nafni P hefði komið í heimsókn til sín, en kvaðst ekki bera á móti því, að svo hefði verið. Hann kvað B og N hafa komið 10 til 15 sinnum í heimsókn til sín, en hann hefði ekki veitt þeim áfengi í öll skiptin. Hann kvaðst ekki gera athugasemdir við fjölda heimsókna annarra stúlkna, sem nefndar eru í ákærinni, og áfengisveitingar til þeirra. Hann kvaðst hafa neytt áfengis með stúlkunum og orðið ölvaður, en ekki ofurölvi. Heimsóknunum hefði lokið í ágústmánuði 1991.

Ákærða var kynntur framburður stúlkanna, sem nefndar eru í II. kafla ákæru, að hann hefði haft samfarir við þær, en hann neitaði því sem fyrr.

Niðurstaða.

Með framburði ákærða og stúlkanna, sem nefndar eru í ákæru, er sannað, að þær hafi heimsótt hann á heimili hans á sl. ári. Þegar litið er til reikuls framburðar stúlkanna um það, hvenær þessar heimsóknir hafi hafist, verður að leggja framburð ákærða til grundvallar um það atriði og telja þær hafa hafist 29. apríl, en ekki í mars, eins og í ákæru segir, og lokið í ágúst. Þá er einnig sannað með framburði N, H og E, að E hafi heimsótt hann, enda hefur ákærði ekki gert athugasemdir við, að svo hafi verið. Þetta styðst og við framburð annarra stúlkna, er þekkja E undir nafninu P, sem er gælunafn E.

Með játningu ákærða, sem styðst við framburð stúlkanna, er sannað, að hann hafi veitt þeim áfengi og honum hafi verið ljóst, að þær væru undir lögaldri. Á þetta einnig við um E og styðst við framburð hennar og annarra stúlkna. Ákærði hefur borið, að B og N hafi heimsótt sig í 10 til 15 skipti, en ekki hafi hann alltaf veitt þeim áfengi. Hann hefur ekki gert athugasemdir við, hversu oft hann veitti hinum stúlkunum áfengi. B og N hafa ekki borið greinilega um, hversu oft þær fengu áfengi hjá ákærða, en ráða má af framburði þeirra og hinna stúlkanna, að það hafi verið æðioft. Þykir því ekki óvarlegt að telja, að ákærði hafi margsinnis veitt þeim áfengi, eins og í ákæru segir.

Með játningu ákærða og framburði stúlkanna er einnig sannað, að í flestum heimsóknunum hafi verið sýndar klámkvikmyndir í myndbands-tæki. Ákærði hafði yfirráð yfir bæði tækinu og myndunum. Verður því að telja, að hann hafi sýnt stúlkunum myndirnar, þótt þær kunni í einhverjum tilvikum að hafa átt upptökin að sýningunum.

Með framburði þeirra B, H og N er sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi haft við þær samfarir, eftir að hafa veitt þeim áfengi og þær voru orðnar ölvaðar, eins og í ákæru greinir. Þá er einnig sannað með framburði stúlkanna, að þær hafi sagt honum rétt til um aldur sinn og honum hafi því verið hann ljós.

Í ákæru eru samfarir ákærða við H taldar varða við 2. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga, sbr. nú 2. mgr. 202. gr. sömu laga, sbr. 10. gr. laga nr. 40, 1992, er breyttu XXII. kafla almennra hegningarlaga. Í laga-ákvæðinu er, bæði fyrir og eftir breytingu, lögð refsing við að tæla ungmennti á aldrinum 14 til 16 ára til samræðis. Í ákærinni er ákærða ekki gefið að sök að hafa tælt H til samræðis, heldur sagt um allar stúlkurnar, að hann hafi haft við þær samræði, „er þær voru orðnar ölvaðar“. Við munnlegan flutning málsins hélt ákærvaldið því fram, að ákærði hefði tælt H til samræðis með áfengisveitingum. Samkvæmt 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála, má aldrei dæma sökunaut fyrir aðra hegðun en þá, sem í ákæruskjali greinir, og þar eð ákærða er ekki gefið að sök í ákærinni að hafa tælt H til samræðis, verður þessu atriði hennar vísað frá dómi.

Brot ákærða samkvæmt I. kafla ákæru varða við 3. mgr. 16. gr. áfengislaga og 3. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga. Brot hans samkvæmt II. kafla ákæru varða við 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga, sbr. nú 1. mgr. 202. gr. sömu laga, eins og henni var breytt með 10. gr. laga nr. 40, 1992, er tóku gildi 10. júní sl.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann fjórum sinnum sæst á sektargreiðslur, 1973 fyrir ölvunarakstur, 1975 fyrir umferðarlagabrot og áfengislagabrot og 1977 fyrir fjársvik. Refsing hans nú verður ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, og er hún hæfileg tveggja ára fangelsi, en til frádráttar skal koma gæsluvarðhaldsvist hans í sjö daga.

Loks verður ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Brynjólfs Eyvindssonar hdl., 100.000 kr., og saksóknarlaun til ríkissjóðs, 100.000 kr. Af hálfu ákærvaldsins flutti Egill Stephensen málið.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hannes Oddsson, sæti fangelsi í tvö ár. Til frádráttar komi sjö daga gæsluvarðhaldsvist.

Vísað er frá dómi því atriði ákærinnar, er varðar samfarir ákærða við H.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun

skipaðs verjanda síns, Brynjólfs Eyvindssonar hdl., 100.000 krónur,
og saksóknarlaun til ríkissjóðs, 100.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
